

# ÚTHLUTUNARREGLUR

## vegna netöryggisstyrks Eyvarar

### 1. gr.

#### Tilgangur.

Netöryggisstyrkur samkvæmt reglum þessum skal veita fjármagni til að styrkja verkefni á sviði netöryggis sem stuðla að eflingu netöryggis. Styrkveiting er ætluð til þess að styrkþegi bæti núverandi netöryggisgetu með innleiðingu nýrra lausna og/eða verkefna skulu vera til þess fallin að auka þekkingu og vitund um mikilvægi netöryggislausna.

Netöryggisstyrkur er hluti af þátttöku Íslands í áætlun Evrópusambandsins um stafræna Evrópu (Digital Europe Programme) á sviði netöryggis. Hann er fjármagnaður að helmingi úr ríkissjóði og að helmingi af Evrópusambandinu.

### 2. gr.

#### Stjórn og umsýsla.

Stjórn Eyvarar ákveður áherslur styrksins samkvæmt skilgreindu hlutverki hans, sbr. 1. gr. reglna þessa. Stjórnin tekur ákvarðanir um styrkveitingar og gerir tillögur til ráðherra sem staðfestir þær. Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) annast umsýslu styrksins og skipar sex manna fagråd sem staðfest er af stjórn Eyvarar. Fagráðið metur styrkhæfi umsókna og skilar greinargerð til stjórnar.

Rannís tekur við umsóknum á heimasíðu sinni í rafrænu umsóknarkerfi.

### 3. gr.

#### Auglýsingar um úthlutun.

Úthluta skal netöryggisstyrk á árunum 2024, 2025 og 2026. Auglýst skal eftir umsóknum þar sem greint er frá hlutverki og áherslum sem liggja til grundvallar mati á umsóknum. Umsóknarfrestur skal eigi vera styttri en sex vikur. Umsóknir sem berast eftir að auglýstur umsóknarfrestur er liðinn koma ekki til mats. Miða skal við að niðurstöður úthlutunar liggja fyrir ekki seinna en átta vikum eftir að umsóknarfrestur rennur út.

### 4. gr.

#### Styrkir.

Miða skal við að þau verkefni sem hljóta styrk sé lokið eigi síðar en 20. ágúst 2025. Verkefnum skal ljúka með skil á lokaskýrslu og kynningu á niðurstöðu sbr. 9. gr. reglna þessara.

Hver einstaka styrkur getur aldrei numið hærrí fjárhæð en níu milljónum króna (9.000.000 kr.). Gerð er krafa um a.m.k. 20% mótframlag umsækjanda.

### 5. gr.

#### Umsækjendur.

Styrkir eru veittir til örfyrirtækja, lítilla fyrirtækja og meðalstórra fyrirtækja í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnar frá 6. maí 2003 um skilgreiningu á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum. Einnig eru styrkir veittir til opinberra aðila óháð stærð og hefur stjórnin einnig heimild til að veita félagasamtökum styrk.

### 6. gr.

#### Umsóknir.

Við mat á umsóknum ber að hafa gæði verkefnisins í fyrirrúmi. Umsóknir skulu innihalda greinargóða lýsingu á:

- markmiði verkefnisins, áhrif á netöryggi og samfélag, nýnæmi og raunhæfi
- tíma- og verkáætlun, vörðum, aðferðum og núverandi stöðu verkefnis
- verkefnisstjórnun: Tilgreina skal verkefnisstjóra sem ber ábyrgð á framkvæmd samningsins og

- fyrirhugaðri birtingu og kynningu á niðurstöðum  
Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skal gera greina fyrir slíkum framlögum eða styrkjum í umsókn.

7. gr.

*Mat á umsóknum.*

Fagráð skv. 2. gr. leggur mat á umsóknir með hliðsjón af hlutverki styrksins og auglýstum áherslum hverju sinni.

Mat á umsóknum skal einkum byggja á eftirtöldum sjónarmiðum:

- i. Áhrif og nýnæmi verkefnisins, gæði og hagkvæmni,
- ii. verkefnisstjórn og
- iii. öðrum samstarfsaðilum ef við á

Hvatt er til samstarfs fyrirtækja og opinberra stofnanna, sér í lagi fyrirtækja sem falla undir skilgreiningu á mikilvægum innviðum í samræmi við lög nr. 75/2019 um öryggi net- og upplýsingakerfi mikilvægra innviða, en einnig geta fyrirtæki og opinberar stofnanir sótt um án aðkomu samstarfsaðila.

Stjórn hefur heimild til að leita álits sérfróðra aðila við mat á umsóknum, gerist þess þörf.

8. gr.

*Hæfi stjórnarmanna.*

Um hæfi stjórnarmanna gildir II. kafli stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Stjórnarmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans við úthlutun styrkja skal án tafar vekja athygli formanns stjórnar á því.

9. gr.

*Upplýsingagjöf og uppgjör.*

Við undirritun úthlutunarskilmála koma 80% styrksins þegar til greiðslu en 20% eftir að rafræn lokaskýrsla um framkvæmd verkefnisins og ráðstöfun styrksins hefur borist stjórn og kynning farið fram á niðurstöðum verkefnisins.

10. gr.

*Kynning.*


Að verkefni loknu, ber styrkþegum að halda kynningu á helstu niðurstöðum þess. Skylda er að taka fram í öllum kynningum, birtingum og miðlun á útkomu verkefna sem hlotið hafa styrk að verkefnið sé að hluta til styrkt af Evrópusambandinu og af netöryggisstyrki Eyvarar.

11. gr.

*Gildistaka og gildistími.*

Úthlutunarreglur þessar eru settar á grundvelli 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og reglugerðar um styrkveitingar ráðherra nr. 642/2018. Úthlutunarreglur þessar taka þegar gildi og gilda svo lengi sem netöryggisstyrki er úthlutað.

*Innviðaráðuneytinu, 28. apríl 2025*

  
Eyjólfur Ármannsson,  
innviðaráðherra